

87. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 24. september 2002 kl. 18:00 í húsakynnum tónlistarskólans.

Mætt voru Elísabet Björgvinsdóttir, Sævar Harðarson, Margrét Ásgeirsdóttir og Hafsteinn Sigurðsson.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
 2. Erindisbréf.
 3. Önnur mál.

1. Skýrsla skólastjóra.
 Hafsteinn skýrði frá því að mikið hefur verið um breytingar á stundatöflum. Hafsteinn lýsti ánægju með að koma upp dagatali fyrir önnina með þeim atburðum sem eru á dagskrá hjá hinum misumandi félögum í bænum sem rætt var á fundi íþrótt- og æskulýðsnefndar, til að auðvelda skipulagningu. Skólastarfið er komið á fullt skrið og stundatöflur orðnar klárar. Ákveðið að allir læri tónfræði heima hjá sér. Kennarar sjá um sinn nemendahóp varðandi tónfræðina og fara yfir verkefnið hjá nemendum reglulega. Tónlistarskólinn er orðinn nettengdur og hefur skólinn fengið nýja tölvu, netfangið er: tonlistarskoli@stykkisholmur.is Hafsteinn fór yfir þau forrit sem til eru í skólanum. Í skólanum eru alls 115 nemendur.
2. Erindisbréf skólanefndar tónlistarskólans.
 Nefndarmenn samþykktu erindisbréfið án athugasemda.
3. Önnur mál.
 Almennar umræður um störf tónlistarskólans og væntingar.

Fundi slitið kl. 19:17.

Sævar Harðarson (sign.),
Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),
Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),
Hafsteinn Sigurðsson (sign.).

Íhs.